

---

**F U N D A R G E R Ð**

<b>Fundur:</b>	<b>Raforkuhópur 2012-03</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Miðvikudagur 2. maí 2011 kl. 15:30</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Orkustofnun, Grensásvegi 9</b>
<b>Fundarefni:</b>	<b>1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins. 3) Aflþörf raforkukerfisins 2011. 4) Breytingar á raforkuspá og forsendur endurreiknings. 5) Raforkunotkun stóriðju. 6) Almennar forsendur raforkuspár. 7) Tími funda raforkuhóps. 8) Landsaðgerðaáætlun NREAP. 9) Birting gagna frá einstökum fyrirtækjum. 10) Önnur mál.</b>

---

Á fundinn mættu:	
Raforkuhópurinn:	Erla Björk Þorgeirsdóttir Rúnar Svavar Svavarsson Sigurður Ágústsson Ásgeir Sigtryggsson Íris Baldursdóttir
EFLA:	Jón Vilhjálmsón Ingvar Baldursson
Landsnet:	Sæmundur Valdimarsson
Fjarverandi:	Baldur Dýrfjörð Pétur E. Þórðarson

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar. Íris sagði að Sæmundur mundi taka hennar sæti í hópnum eftir þennan fund. Fundarmenn þökkuð Írisi fyrir samstarfið og buðu Sæmund velkominn. SV benti á að nýjustu fundargerðirnar vantaði á heimasíðu hópsins. JV mun athuga með það.
- 2) JV sagði að villa væri í gögnum um raforkunotkun og vinnslu á fyrstu þremur mánuðunum og væri þeir að fara yfir gögnin og mundu óska eftir lagfæringum. Skoðaðar voru bráðabirgðatölur og bent á að við leiðréttingu vegna lofthita er einnig tekið tillit til hlaupársdags. Einnig hefur mikil áhrif að mars er um 3°C hlýrri í ár en í fyrra. Einnig var

nefnt að ótryggð orka er flokkuð eins núna og áður en spurning er hvort breyta eigi henni. JV taldi eðlilegt að taka mið af skilgreiningum flutningskerfisins og dreifiveitna fremur en söluaðila. Íris sagði að breytingar á skilmálum um skerðanlegan flutning væru í vinnslu og því ákveðið að bíða með að breyta skilgreiningu þar til ný útgáfa liggur fyrir.

- 3) IB fór yfir aflþörf raforkukerfisins ársið 2011 og sýndi nokkrar myndir úr viðauka raforkuspár sem hann hafði sent fundarmönnum fyrir fundinn. EBP spurði hver staðan væri með vef fyrir gögn hópsins. JV sagði að búið væri að setja upp vefsvæði og hann mundi fljótlega skilgreina aðgang allra að svæðinu og í kjölfarið yrðu gögn sett inn á svæðið.
- 4) Farið var yfir breytingar á raforkuspá. RSS sagði að hjá ORA væri að koma í rekstur 2 MW ketill sem væri á forgagnsorku. Nefnd var stálbræðsla sem væri að koma á Grundartanga (JV fékk frekari upplýsingar, eru að tala um að rekstur hefjist árið 2013 með um 20 GWh og um 5 MW og gæti stækkað í framhaldinu). Byggingarafmagn Þeistareykir /Bjarnaflag gæti verið 2-3 MW. Fiskimjölsverksmiðjur eru að fara yfir í frekari raforkunotkun. Bauhaus að opna. ÁS sagði að Carbon Recycling geti farið í 9 MW. Gróðurhús við Hellisheiðarvirkjun hefur frestast um ár. JV sagði að Sementsverksmiðjan yrði ekki með neina framleiðslu á árunum 2012 og 2013 og spurning væri hvort hún færi nokkuð aftur í rekstur.
- 5) Íris/ÁS/SV munu fara yfir tölur um stóriðju og senda IB/JV. Becromal hefur minnkað framleiðsluna hjá sér vegna aðstæðna á mörkuðum.
- 6) JV sagði að almennu forsendurnar væru uppfærðar með nýjum gögnum en einnig hefur eldsneytishópurinn verið að uppfæra þær. Stefnt að því að gefa þær út á þessu ári en þær voru ekki gengar út árið 2011.
- 7) Rætt var um fundartíma þar sem fimmtudagur kl 14:30 gengur ekki lengur hjá Landsneti. Rætt var um að miðað við 2. fimmtudag hvers mánaðar kl 10:30 Fimmtudagur 14. júní gengur þó ekki en þá verður miðað við föstudag 15. júní kl 10:30. Ef þessi tími hentar ekki við frekari skoðun að þá voru fundarmenn beðnir um að senda JV athugasemd.
- 8) Rætt var um landsaðgerðaáætlun NREAP. JV sagði að eldsneytishópurinn væri búinn að endurreikna eldsneytisspá og væri að fara að skoða reikninga fyrir NREAP. JV sýndi lista yfir opinberar aðgerðir sem þarf að meta til að fá spá fyrir NREAP. Fara þarf yfir útgáfu grænna skírteina og sagði Íris að Landsnet sæi um vottun á slíku núna. Ákveðið að fá Kristján Halldórsson hjá Landsneti á næsta fund til að ræða þetta. Íris sagði að Landsnet samþykkti kostnaðinn við NREAP fyrir raforkuhópinn og þá miðað við að hópurinn tæki 1/3 og eldsneytishópur 1/3 og jarðvarmahópur 1/3.

- 9) Íris lagði til að í töflu um notkun stóriðju yrði ekki birt skipting niður á einstök fyrirtæki. Nokkur umræða varð um birtingu gagna og hve erfitt væri orðið að fá ýmsar upplýsingar. Tillaga Írisar var samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 16:15. Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 15.júní 2012.

---

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Viðauki 5 í raforkuspá.
  - o Opinberar aðgerðir til minnkunar útblásturs gróðurhúsalofttegunda.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
JV	Athuga með fundargerðir á heimasíðu orkuspárnefndar
Íris/ÁS/SV	Fara yfir notkun stóriðju